

**Stjórn Hornbrekku**00.02  
1709012**Stjórnskipuleg staða**

Stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Hornbrekku heyrir undir bæjarstjórn Fjallabyggðar og starfar í umboði hennar.

**Valdsvið**

Ákvarðanir stjórnar, sem hafa í för með sér fjárhagslegar skuldbindingar umfram fjárhagsáætlun, eru ekki bindandi fyrir sveitarfélagið fyrr en þær hafa hlotið staðfestingu bæjarstjórnar.

Stjórn Hornbrekku er fjölskipað stjórnvald. Fulltrúar hlutast ekki til um starfsemi sveitarfélagsins í málefnum sem falin eru stjórninni nema á fundum hennar. Þó getur stjórnin falið fulltrúa að vinna að undirbúningi máls með starfsmanni enda felist engar ákvarðanir í þeirri vinnu.

**Verkefni**

Stjórn Hornbrekku hefur umsjón með þeim málaflokkum sem undir hana heyra í umboði bæjarstjórnar. Stjórn Hornbrekku hefur heimild til fullnaðarafgreiðslu umsókna um búsetu á Hornbrekku samkvæmt gildandi lögum og reglum.

Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemin sé jafnan í réttu og góðu horfi og að markmið stofnunarinnar náist. Stjórnin hefur eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna stofnunarinnar.

Hjúkrunarforstjóri og forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar og skal fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn setur honum. Hjúkrunarforstjóri og forstöðumaður skal sitja fundi stjórnar og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt. Hjúkrunarforstjóri ræður starfsfólk sem undir stofnunina heyra.

**Samþykkt bæjarstjórnar Fjallabyggðar**

Um störf stjórnar Hornbrekku gilda ákvæði VI. kafla samþykktar um stjórn Fjallabyggðar.

**Kosning stjórnar**

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa til setu í stjórn Hornbrekku til fjögurra ára og fimm til vara skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Fjallabyggðar. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar.

**Boðun funda stjórnar og dagskrá**

Formaður stjórnar Hornbrekku, eða varaformaður í forföllum hans, skal boða eða lætur boða fundi nefndarinnar í samráði við deildarstjóra fjölskyldudeildar.

Boða skal fundi með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara.

Heimilt er að senda fundarboð (dagskrá) rafrænt til nefndarmanna, aðalmanna og varamanna, með tölvupósti.

## Stjórn Hornbrekku

Fundarboðið, dagskrá ásamt fylgigögnum, er þá aðgengilegt rafrænt í gegnum aðgang kjörinna fulltrúa inn á fundargátt bæjarfélagsins.

Í fundarboði skal koma fram staðsetning og tímasetning fundar, auk dagskrár fundarins í tölusettum liðum.

### **Starfshættir stjórnar**

Stjórn Hornbrekku starfar eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn Fjallabyggðar, eftir því sem við á hverju sinni.

Fundir stjórnar skulu að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði fyrir luktum dyrum. Fundir skulu haldnir á fastákveðnum fundartíma sem ákveðin skal á fyrsta fundi nefndarinnar í samráði við deildarstjóra fjölskyldudeildar. Formaður nefndarinnar stýrir umræðum og atkvæðagreiðslu á fundum. Auk kjörinna fulltrúa stjórnar Hornbrekku eiga deildarstjóri fjölskyldudeildar og bæjarstjóri seturétt á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Fundir skulu haldnir skv. boðaðri dagskrá. Öll frávik frá henni skulu borin undir atkvæði. Engin mál skulu tekin til meðferðar nefndarinnar án undirbúnings.

Stjórn Hornbrekku skal skrá fundargerðir og halda gerðabók. Fundargerð skal skráð með rafrænum hætti skv. ákvörðun bæjarstjórnar sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Fjallabyggðar.

Fundur telst löglegur ef meirihluti stjórnarinnar er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Deildarstjóri er að jafnaði fundarritari nefndarinnar, en nefndin getur ráðið sérstakan fundarritara úr sínum hópi eða starfsmannahópi sveitarfélagsins.

### **Starfsmaður stjórnar Hornbrekku**

Deildarstjóri fjölskyldudeildar.

### **Eftirfylgni**

Deildarstjóra fjölskyldudeildar fylgir eftir staðfestum samþykktum og ákvörðunum stjórnar Hornbrekku.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar 21. júní 2017

Gunnar Ingi Birgisson,  
bæjarstjóri Fjallabyggðar